

# STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 1999

28. apríl 1999

805

Nr. 283

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 162, 15. mars 1999,  
um bann við tog- og dragnótaveiðum norðvestur af Eldey.**

1. gr.

Í stað „30. apríl 1999“ í 1. mgr. 1. gr. komi: 31. maí 1999.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. apríl 1999.*

**Þorsteinn Pálsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*

14. apríl 1999

Nr. 284

## REGLUR

**um kaupskrárnefnd varnarsvæða.**

1. gr.

*Skipan nefndarinnar.*

Utanríkisráðherra skipar kaupskrárnefnd varnarsvæða til að ákveða ráðningarkjör og vinnuskilyrði starfsmanna varnarliðsins.

Nefndin skal skipuð þremur mönnum til tveggja ára í senn. Utanríkisráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar og aðra nefndarmenn að fenginni tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Varamenn nefndarmanna skulu skipaðir á sama hátt.

Hafi nefndin til úrlausnar mál samkvæmt 13. gr. vikur formaður sæti og í hans stað tekur sæti í nefndinni sérfróður og óvilhallur maður sem oddaformaður. Utanríkisráðherra skipar oddaformann til tveggja ára í senn að fenginni tilnefningu héraðsdóms Reykjaness. Sami háttur skal hafður á skipun varamanns hans.

Hafi nefndin til úrlausnar mál samkvæmt 14. gr. víkja allir nefndarmenn sæti. Í þeirra stað taka sæti í kærunefnd oddaformaður samkvæmt 3. mgr. og tveir menn tilnefndir af

Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands er utanríkisráðherra skipar til tveggja ára í senn. Varamenn þeirra skulu skipaðir með sama hætti. Nefndarmenn samkvæmt þessu ákvæði mega ekki hafa fjallað um málið á fyrra stigi.

Að öðru leyti fer um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.

## 2. gr.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins annast skrifstofuhald fyrir kaupskrárnefnd varnarsvæða. Löglærður nefndarritari, skipaður af utanríkisráðherra, er nefndinni til aðstoðar og bókar alla fundi hennar.

## 3. gr.

### *Hlutverk.*

Hlutverk kaupskrárnefndar varnarsvæða er að sjá til þess að þeir starfsmenn varnarlíðsins eða erlendra verktaka þess á varnarsvæðum sem lúta íslenskum lögum, fái kaup og kjör og njóti þess öryggis og aðbúnaðar á vinnustað sem íslensk lög, kjarasamningar og venjur segja til um á hverjum tíma.

Nefndin skal í kjölfar almennra kjarasamninga meta áhrif þeirra á kjör hlutaðeigandi starfshópa á varnarsvæðum og fella úrskurð um framkvæmd breytinga. Úrskurðir um breytingar, sem einvörðungu byggjast á framkvæmd kjarasamninga skulu að jafnaði hafa sama gildistíma og hlutaðeigandi samningar.

Þá skal nefndin sjá til þess að starfsmenn njóti sambærilegra kjara og almennt gerist í sömu eða hliðstæðum störfum utan varnarsvæða. Telji nefndin ástæðu til breytinga umfram það sem leiðir beint af samningsbundinni launaþróun viðmiðunarhópa skulu slíkar ákvarðanir nefndarinnar að jafnaði gilda frá þeim tíma er úrskurður er upp kveðinn, nema rök standi til annars.

## 4. gr.

Þegar um er að ræða starf, sem gildandi kjarasamningar taka ekki til, getur kaupskrárnefnd, við ákvörðun launa og annarra starfskjara fyrir umrætt starf, valið viðmiðunarstarf eða viðmiðunarstörf sem að dómi nefndarinnar eru hliðstæð enda sé ákvæði um þau störf að finna í viðurkenndum kjarasamningum. Slík viðmiðun getur gilt að hluta eða öllu leyti eftir ákvörðun nefndarinnar.

## 5. gr.

### *Rannsóknarreglan.*

Kaupskrárnefnd varnarsvæða skal gæta þess að mál er hún hefur til meðferðar sé nægjanlega upplýst áður en úrskurður er felldur um það. Nefndin skal m.a. afla nauðsynlegra gagna og upplýsinga um ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu. Telji nefndin þörf á því er henni heimilt að óska eftir gögnum og upplýsingum frá stofnunum og nefndum, sem starfa að könnun kjaramála á vegum hins opinbera eða aðila vinnumarkaðarins.

Gögn sem aflað er við málsmeðferðina og lögð eru fyrir nefndina, skulu að jafnaði vera á íslensku.

## 6. gr.

### *Málshraði.*

Kaupskrárnefnd skal koma saman eins oft og þörf er á og ef einhver nefndarmanna óskar þess sérstaklega. Formaður nefndarinnar eða nefndarritari í umboði hans boðar til funda hennar með hæfilegum fyrirvara.

Kaupskrárnefnd skal hraða störfum sínum svo sem kostur er. Nefndin skal tafarlaust taka til meðferðar öll erindi sem henni berast um ráðningarkjör og vinnuskilyrði á varnarsvæðum frá hlutaðeigandi stéttarfélagi einstakra starfsmanna eða starfshópa á varnarsvæðum eða vinnuveitanda þeirra. Nefndin skal eins fljótt og kostur er svara skriflega erindum sem henni berast.

Þegar fyrrsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni teyfjast skal nefndin skýra aðilum máls frá slíkri töf, ástæðum hennar og hvenær vænta megi niðurstöðu.

7. gr.

*Fundir og viðtalstímar.*

Fundir kaupskrárnefndar varnarsvæða skulu haldnir í Reykjanesbæ eða Reykjavík eftir því sem hentugast þykir hverju sinni. Nefndin eða ritari hennar fyrir hennar hönd skulu hafa reglulegan viðtalstíma í Reykjanesbæ þar sem málsaðilar geta leitað upplýsinga um meðferð mála og annað er snertir starfsemi nefndarinnar.

8. gr.

*Málaskrá.*

Nefndin skal halda sérstaka málaskrá yfir öll þau erindi sem henni berast og afgreiðsla á þeim. Einnig skal nefndin færa gerðabók og færa þar til bókar fundi nefndarinnar.

9. gr.

*Aðstoð sérfræðinga.*

Nefndinni er heimilt að kveðja til sérfróða aðila nefndinni til aðstoðar, þegar nauðsyn þykir til við úrlausn umfangsmikilla og flókinna mála.

10. gr.

*Andmælaréttur.*

Í upphafi málsmeðferðar skal kaupskrárnefnd varnarsvæða afla umsagnar frá gagnaðila þess sem erindi barst frá og skal umsögn hans berast nefndinni innan þess frests sem nefndin ákveður.

Málsaðilar skulu enn fremur eiga þess kost að skýra viðhorf sín til málsatvika, eftir atvikum bæði skriflega og munnlega, fyrir nefndinni, með vætti vitna og sérfræðinga, og tjá sig um öll gögn er úrskurður kann að vera byggður á áður en hann er kveðinn upp. Komi annar málsaðila fyrir nefndina á meðan málsmeðferð stendur yfir, skal gagnaðila hans tilkynnt um það og honum gefin kostur á að gera slíkt hið sama.

Nefndinni er heimilt að vísa frá erindum ef hún hefur áður kveðið upp úrskurð um sama álitaeftni frá sama málsaðila og ekki liggja fyrir ný gögn eða röksemdir sem taka þarf afstöðu til.

11. gr.

*Form og efni úrskurða.*

Í úrskurði skal tilgreina málsaðila og kröfur þeirra sem og málsatvik og ágreiningseftni. Niðurstaða úrskurðar skal rökstudd og aðalniðurstaða dregin saman í lok úrskurðar í sérstöku úrskurðarorði. Úrskurður skal undirritaður af öllum nefndarmönnum.

12. gr.

Kaupskrárnefnd varnarsvæða skal við afgreiðslu mála kveða upp samhljóða úrskurði. Úrskurðum nefndarinnar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds, samanber þó 1. mgr. 14. gr. reglna þessara.

## 13. gr.

Komist kaupskrárnefnd varnarsvæða ekki að samhljóða niðurstöðu í einstöku máli, skal formaður hennar víkja sæti úr nefndinni án þess að úrskurður sé kveðinn upp. Þegar svo háttar til tekur sæti í nefndinni oddaformaður samkvæmt 3. mgr. 1. gr. Að öðru leyti skal nefndin skipuð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu einstakra mála í kaupskrárnefnd varnarsvæða þannig skipaðri og eru úrskurðir hennar endanlegir.

## 14. gr.

*Kærunefnd.*

Hafi máli lokið með samhljóða niðurstöðu kaupskrárnefndar varnarsvæða samkvæmt 12. gr. er málsaðilum þó heimilt að skjóta niðurstöðu hennar til kærunefndar kaupskrárnefndar varnarsvæða, samanber 4. mgr. 1. gr. Slík málsmeðferð er heimil þegar mál er talið sérstakt, óvenjulegt og fordæmislaust, og niðurstaðan felur í sér nýja stefnumörkun og grundvallarbreytingu við ákvörðun launa eða annarra kjara eða hefur veruleg og ófyrirséð útgjöld í för með sér. Beiðni um málsmeðferð fyrir kærunefndinni skal berast henni innan 3 mánaða frá því úrskurður samkvæmt 12. gr. var birtur málsaðila.

Kærunefnd kaupskrárnefndar varnarsvæða metur hverju sinni hvort skilyrðum málskots er fullnægt.

## 15. gr.

*Birting úrskurða og annarra úrlausna.*

Kaupskrárnefnd varnarsvæða og kærunefnd kaupskrárnefndar skulu án tafar birta úrskurði sína og aðrar úrlausnir fyrir þeim aðilum er málið varðar.

Nefndirnar skulu enn fremur senda allar úrlausnir sínar til varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Nefndirnar skulu jafnframt koma á framfæri við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins upplýsingum um alla helstu kjarasamninga og allar breytingar sem kunna að verða gerðar á launum og öðrum kjörum launþega hér á landi og áhrif geta haft á kjör íslenskra starfsmanna varnarliðsins. Varnarmálaskrifstofa hefur milligöngu um að koma slíkum upplýsingum á framfæri við varnarliðið á formlegan hátt. Formaður kaupskrárnefndar skal gera grein fyrir störfum hennar í varnarmálanefnd.

## 16. gr.

*Ársskýrsla kaupskrárnefndar.*

Kaupskrárnefnd varnarsvæða skal fyrir lok febrúar á hverju ári senda utanríkisráðherra skýrslu um störf sín næstliðið ár.

## 17. gr.

*Málsmeðferð.*

Um málsmeðferð hjá nefndinni fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

## 18. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt 4. tölul. 6. gr. viðbættis við varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna frá 8. maí 1951, lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, svo og lögum nr. 106/1954, um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Falla þá úr gildi reglur um kaupskrárnefnd varnar-  
svæða nr. 78, 20. janúar 1996.

*Utanríkisráðuneytinu, 14. apríl 1999.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Þórður Ægir Óskarsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um útfararþjónustu nr. 232 3. apríl 1995.**

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Einstaklingar er öðlast vilja leyfi skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Sanna þarf ríkisborgararétt og búsetu í slíkum tilvikum.

Félög er öðlast vilja leyfi skulu vera skráð hér á landi og mega ekki vera bundin við nauðasamninga eða bú þeirra undir gjaldþrotaskiptum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 36 4. maí 1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. apríl 1999.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*